

Nd. **42. Frumvarp til laga** [41. mál]

um breyting á lögum nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

Flm.: Guðlaugur Gíslason, Pétur Sigurðsson, Matthías Bjarnason.

1. gr.

Í stað síðasta málsliðar 2. gr. laganna komi:

Seðlabanki Íslands hefur á hendi rekstur Verðjöfnunarsjóðs, og skal hann ávaxta fé hans í samráði við stjórn sjóðsins, annaðhvort í erlendri mynt eða íslenskum krónum. Verði breyting á gengi íslensku krónunnar, skal fé sjóðsins umreiknast til hækkunar eða lækkunar, eftir því sem við á, í samræmi við gengisbreytinguna, að því leyti sem það kann að vera ávaxtað í íslenskum krónum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt lögum um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins er eign hans á hverjum tíma, auk stofnfjár, hluti af því fé, sem inn kemur fyrir tilteknar tegundir útfluttra sjávarafurða og afhent hefur verið Seðlabanka Íslands í erlendum gjaldeyri, að svo miklu leyti sem því hefur ekki verið ráðstafað til verðbóta samkvæmt 6. gr. laganna. Með tilliti til þessa, þar sem raunverulega er um að ræða geymslufé, sem Seðlabankinn hefur tekið við í erlendum gjaldeyri, verður að telja eðlilegt að tryggja, að eign sjóðsins sé á hverjum tíma í samræmi við skráð gengi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldeyri, eins og frv. gerir ráð fyrir.